

Ár 1982, miðvikudaginn 13. október, var í málinu nr. 6/1982  
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með úrskurði Yfirlasteignamatsnefndar  
frá 20. febrúar 1979 var því slegið föstu, að Félagsstofnun stúdenta  
væri óskyld að svara fasteignaskatti af Nýja Garði við Hringbraut,  
nema að því leyti sem þar hefði verið rekið hótel.

Með bréfi dags. 15. júní 1982, var þess óskað af hálfu Reykjavíkur-  
borgar, að Yfirlasteignamatsnefnd tæki nefndan úrskurð til endurskoðunar  
og úrskurðaði, að skylt væri að greiða fasteignaskatt af Nýja Garði.  
Er þessi krafa nánar rökstudd í nefndu bréfi og þar sérstaklega vísað  
til forsendna Hæstaréttar í domi, uppkveðnum 11. júní 1982.

Í greinargerð Félagsstofnunar stúdenta frá 24. september s.l. er  
því mótmælt, að rök séu til þess að endurskoða ofangreindan úrskurð  
Yfirlasteignamatsnefndar, og er það sjónarmið nánar rökstutt í  
greinargerðinni.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, búa ekki aðrir en  
háskólastúdentar á Nýja Garði, að frátöldum hótelgestum, þegar hótel  
er rekið. Leigutímabil er bundið skólaárinu að öðru leyti en því, að  
nemendur, sem hyggjast breyta haustpróf, fá sumarvist á Nýja Garði.  
Með hliðsjón af því og að öðru leyti með vísan til þess, sem segir í  
úrskurði nefndarinnar frá 20. febrúar 1979, eru ekki efni til þess að  
taka kröfу Reykjavíkurborgar til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ofangreind krafa Reykjavíkurborgar er ekki tekin til greina.

Rétur Stefánsson

Torfi Ásgeirsson, Haukur Hafstað

Haukur Hafstað